




Læsisstefna Vesturkots 2015 - 2016

Leikskólinn Vesturkot
Lífsgleði-Leikni-Leikur
 Miklaholt 1, 220 Hafnarfjörður
 Sí: 565-0220
vesturkot@hafnarfjordur.is
www.leikskolinn.is/vesturkot

	Stafainnlögn	Lestur	Bókasafn	Skimanir	Orðaforði
Eldri deildir	Elsti hópur leikskólans (2010) fær stafainnlögn yfir veturinn. Árgangar 2011 og 2012 fá kennslu í Lærum og leikum með hljóðin og Lubbi finnur málbein.	Lestrarstundir eru komnar daglega inn á báðar eldri deildir, lögð áhersla á aukinn lestur í vetur.	Viljum fjölga ferðum á bókasafn bæjarins sem og upp í Hvaleyrarskóla. - Lestrarsprettir í formi heimalestrar, hvetja foreldra til að lesa og fara á bókasafnið með börnin.	Tras skráning fyrir árganga 2011 og 2012. Einnig skráum við Tras fyrir þau börn fædd 2010 sem við höfum áhyggjur af. Hjá nemendum í árgangi 2010 verða lögð fyrir Hljómpróf, einu sinni að hausti (í september - október) en munum prófa aftur þá nemendur í janúar – febrúar sem komu illa út að hausti. Orðaskil verður lagt fyrir öll 3ja ára börn (f.2012). Við munum hvetja foreldra til að fara með börnin sín í 2ja og 4 ára heilsufarsskoðanir.	Vinum með orðmyndir með svipuðum hætti og í Orðaspjalli leikskólans Tjarnarsels. Við munum tengja þessi orð við ákveðnar bækur s.s. Bínu bálreiðu, Lúllabækurnar og brosbókina. Við vinnum með orð vikunnar; það er ákveðið fyrirfram eitt orð úr umhverfi barnanna, merking þess kynnt og rædd ítarlega með börnunum. Um er að ræða orð sem virka flókin fyrir börnunum, en við nýtum í daglegu tali t.d. orðin viðkvæmur, einmana, ábyrgur o.s.frv.
Hljóðkerfisvitund	Framsögn	Sérstök verkefni	Sögugerð	Snemmtæk íhlutun í málörvun	Samstarf
Leggjum áherslu á að vinna með rím með fjölbreyttum hætti s.s. í hópatímum og samverum. Við munum leggja áherslu á að kennarar þjálfu börnin í að klappa samstöfur, vinna með samsett orð bæði með því að setja saman orð og orðhlutaeyðingu. Vinnum með hljóðgreiningu stafa og orða sem við vinnum með, hlustum eftir fyrsta hljóði orðs og tengjum við stafi. Höldum áfram skipulögðu starfi með verkefnið Lærum og leikum með hljóðin.	Æfa börnin í að standa frammi fyrir hópnum og segja frá t.d. nöfn foreldra, systkina, afa og ömmu, hvað þau gerðu um helgina, í sumarfríinu o.s.frv. Börnin endursegi sögur sem þeim hefur verið sagt eða lesin fyrir þau.	Vinum með Stig af stigi, Ljáu mér eyra, Orðagull og Tölum saman. *Eldvarnarverkefnið Loga og Glóð með elsta árgangnum, *Vináttuverkefnið með 2011 og 2012 árgöngum.	Búum til sögur, ýmist sjálf eða hópurinn, skráum og teiknum sögurnar. Vonumst til að geta keypt námsefnið Sögugrunnur og stefnum á að nýta fyrir alla nemendur eldri barna deildanna.	Eflum almennt starf í snemmtækri íhlutun sér í lagi ef um slaka útkomu barns í Orðaskilsprófinu er að ræða. Viljum efla fagþekkingu starfsfólks í snemmtækri íhlutun, stefnum m.a. á að kynna okkur vel starfsemi leikskóla sem vinna markvisst með snemmtæka íhlutun.	Stefnum á að halda áfram virkni í samstarfi við leikskólann Álfastein. Samstarfið felst í að efla fagþekkingu og færni starfsfólks til að efla nemendur í læsishvetjandi þáttum. Eflum samstarf þessa leikskóla með vettvangsheimsóknnum á milli. Eflum samstarf við Hvaleyrarskóla með vettvangsferðum.



Læsisstefna Vesturkots 2015 - 2016

Leikskólinn Vesturkot

Lífsgleði-Leikni-Leikur

Miklaholt 1, 220 Hafnarfjörður

S: 565-0220

vesturkot@hafnarfjordur.is

www.leikskolinn.is/vesturkot

 Yngri deildir	Stafainnlögn	Lestur	Bókasafn	Skimanir	Orðaforði
Hljóðkerfisvitund	Framsögn	Sérstök verkefni	Sögugerð	Snemmtæk íhlutun í málörvun	Samstarf
Innlögn ríms, þulna, samstafna	Æfa framsögn með því að bjóða börnunum t.d. að syngja fyrir hópinn sinn.	Notum verkefnið Bassi sem er ætlað til að kenna börnunum form, liti og eflir orðaforða barnanna.	Segjum sögur og bjóðum börnunum að koma með hugmyndir t.d. að nöfnum á sögupersónum, dýrum og atburðum.	Eflum almennt starf í snemmtækri íhlutun sér í lagi ef um slaka útkomu barns í Orðaskilsprófinu er að ræða. Viljum efla fagþekkingu starfsfólks í snemmtækri íhlutun, stefnum m.a. á að kynna okkur vel starfsemi leikskóla sem vinna markvisst með snemmtæka íhlutun.	Stefnum á að halda áfram virkni í samstarfi við leikskólann Álfastein. Samstarfið felst í að efla fagþekkingu og færni starfsfólks til að efla nemendur í læsishvetjandi þáttum sem og nýta námskeið sem tengjast læsi.